

## **Borgarráð 5. desember 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lóðaúthlutanir í Gufunesi**

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig standi á því að Reykjavíkurborg hafi selt byggingarrétt uppá 15.000 kr.m<sup>2</sup>. án nokkurs fyrirvara í fyrsta kaupsamningi í Gufunesi 26. maí 2016 með hagnað upp á rúman einn milljarð fyrir kaupanda. Er ekki rétt að viðskipti sem þessi stangist á við ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og jafnaðarreglu í stjórnarskrá? Sjá nánar í greinargerð. Byggingarréttur á óbyggðum fermetrum er seldur á 15.000- krónur óverðtryggður og engir vextir og engin takmörk á byggingarmagni og að ekki þurfi að greiða fyrr en teikningar eru lagðar inn. Spurt er hvernig þetta má vera.

### **Greinargerð**

Með gildistöku deiliskipulags fékk sá aðili rétt til að byggja á sinni lóð 10725 fm af íbúðum og auk heimildar til að bæta við fyrir atvinnustarfsemi 6141 fm. Ríkisaðstoð er óheimil ef hún raskar eða gæti raskað samkeppni með því að veita tilteknum fyrirtækjum eða atvinnugreinum óréttmætan efnahagslegan ávinning. Sala opinberra eigna undir markaðsvirði gæti talist sem slíkur ólögmaður ávinningur, ef það felur í sér að kaupandi fær efnahagslegan ávinning sem hann hefði ekki fengið undir venjulegum markaðsaðstæðum. Fulltrúa Flokks fólksins sýnist hér að Reykjavíkurborg hafi farið gegn öllum samkeppnislögum og brotið á öðrum fyrirtækjum í þessu landi í sömu starfsgrein og óskar skýringa.